

51. fundur stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs, haldinn að Hamraborg 1, 10. sept. 2008 kl. 16:00 að Hamraborg 1.

Dagskrá: 1. Ársrit Héraðsskjalasafnsins, tilboð í prentun og kostnaður við útgáfu; 2. Stjórnartíðindi, áskrift; 3. starfsmannamál; 4. úttekt Þjóðskjalasafns Íslands á starfsemi héraðsskjalasafna; 5. fundur héraðsskjalavarða og Þjóðskjalaafns 15. sept. í Stykkishólmi; 6. Vest-norrænir skjaladagar 16.-18. september í Stykkishólmi; 7. önnur mál.

Mættir: Hilmar Björgvinsson, formaður, Hjörtur Pálsson og Bjarni Ólafsson. Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður sat fundinn.

- 1. Ársrit Héraðsskjalasafnsins, tilboð í prentun og kostnaður við útgáfu:**  
Ársritið, sem nú er að koma út, verður nálægt 500 síðum. Héraðsskjalavörður gerir grein fyrir tilboðum sem bárust frá fimm prentsmiðjum. Ekki treystust allar prentsmiðjur til að gera tilboð í bækur sem eru saumaðar í kjöl. Tilboð frá Steinholti miðast við 500 eintök, saumuð. 60 myndir verða í fjórlit. Tilboðið hljóðar upp á kr. 1.248.290 án vsk. Önnur tilboð eru mun hærri; það næstlægsta sem uppfyllir tilboðskröfur er um 1.8 m. Ákveðið er að taka tilboði Steinhólts.  
  
Rætt var um fjármál vegna prentunarinnar. Héraðsskjalavörður segir safnið eiga þessa upphæð og mest muni þar um framlag Þjóðskjalasafns til safnsins.
- 2. Stjórnartíðindi, áskrift:** Stjórnartíðindi hafa borist og kostar árgangurinn kr. 220.000. Það hefur verið greitt af framlagi Þjóðskjalasafns.
- 3. Starfsmannamál:** Nú eru 2.5 stöðugildi á Héraðsskjalasafni Kópavogs. Gunnar Marel var hér í júlí og ágúst en nú er hann farinn að starfa á Þjóðskjalasafni. Stjórnin felur héraðsskjalaverði að reyna að finna lausamann til að sinna tilfallandi störfum.
- 4. Úttekt Þjóðskjalasafns á starfsemi héraðsskjalasafna:** Starfsmaður á vegum Þjóðskjalasafns hefur lagt fyrir héraðsskjalaverði að svara spurningum um starfsemina. Hrafn leggur fram skýrslu, dagsetta 10.9.2008, á sjö síðum auk fylgiskjala.
- 5. Fundur héraðsskjalavarða og Þjóðskjalasafns 15. sept. í Stykkishólmi:** Héraðsskjalavörður sýnir stjórninni dagskrá þessa fundar og hvetur hún hann til að fara á þennan fund.
- 6. Vest-norrænir skjaladagar 16.-18. september í Stykkishólmi:** „Skjaladagarnir“ eru í beinu framhaldi af fundi héraðsskjalavarða og Þjóðskjalasafns og stjórn finnst sjálfsagt að héraðsskjalavörður Kópavogs sitji þessa norrænu samkomu um skjalavörslu.
- 7. Önnur mál:** Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum lið.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 17:40.

Fundarritari Bjarni Ólafsson